

Íslenska 10. bekkur

Málfræði

Markmið:

Að nemandi:

- þekki einkenni og tilgang hvers orðflokks í tungumálinu
- öðlist öryggi í að greina og vinna með orðflokka
- átti sig á setningarlegum tengslum orðflokka í málsgreinum
- verði fær um að greina og ræða einkenni sagnorða
- þekki orðhlutana
- átti sig á úr hvaða orðhlutum orð eru mynduð
- þekki alla helstu setningarhluta og geti greint þá
- kynnist íslensku hljóðkerfi og helstu hljóðbreytingum tungumálsins
- festi í sessi ýmis málfræði- og stafsetningaratriði
- festi í sessi ýmis málfræði- og stafsetningaratriði

Stafsetning

Markmið:

Að nemandi:

- öðlist færni í stafsetningu og greinarmerkjasetningu
- þjálfist í að byggja upp góðar málsgreinar
- átti sig á tengslum i-hljóðvarps og hljóðskipta á stafsetningu i/y
- geti fundið stofn nafnorða, sagnorða og lýsingarorða
- þekki n-reglur
- rifji upp ng-reglur

Bókmenntir, ritun og framsögn

Markmið:

Að nemandi:

- auki orðskilning og verði færari málnotandi
- auki ritfærni og rifji upp helstu þætti ritunar

- kynnist rómantísku stefnunni og átti sig á einkennum hennar
- kynnist heimildavinnu og læri að umgangast heimildir
- kunni að nota beinar og óbeinar tilvitnanir
- kynnist raunsæisstefnunni og átti sig á einkennum hennar
- átti sig á uppruna þjóðsagna og flökkusagna og hvernig sögur breytast í tímann
- öðlist færni í að skrifa huglæga frásögn
- lesi heila skáldsögu og geti sagt frá henni í ræðu og riti
- geri sér grein fyrir áhrifamætti fjölmiðla og mismunandi fréttaflokkunar
- þjálfði öguð vinnubrögð í framsetningu efnis í ræðu og riti
- efli tengslin við menningararfinn með lestri, verkefnum og umræðum á Íslendingasögu
- kynnist því hvernig Biblían hefur haft áhrif á bókmenntir önnur en trúarleg
- læri að vinna með texta frá hugmynd að útgáfu
- kynnist leikritun, leiklestri og áhrifum persónusköpunar

Kennsluhættir

Unnið er í lotum og er námsefni vetrarins skipt niður í 8 þriggja vikna lotur sem hver hefur sínar áherslur. Í byrjun hvers lotu eru innlagnartímar þar sem kennari fer yfir markmið lotunnar og skýrir út aðalatriðin. Eftir það vinna nemendur sjálfstætt og á sínum hraða verkefni lotunnar með aðstoð kennara. Heimavinna fer eftir hversu miklu nemandinn nær að afkasta í kennslustundum. Í bókmenntum eru lesnar 2 heilar skáldsögur, Gísla saga Súrssonar, blaðagreinar, smásögur og ljóð. Verkefni tengd lesefninu eru unnin heima og í tímum. Þau eru í formi spurninga, stuttra ritgerða, útdráttar og umræðna. Í málfræði er áfram unnið með grundvallaratriði og lögð áhersla á að nemendur nái aukinni færni í beygingarfræði orðflokka og læri betur grundvallaratriði í setningafræði. Í málnotkun er áfram lögð áhersla á að nemendur kynnist margbreytileika málsins og þeir þjálfast í notkun orðtaka og málshátta og öðrum atriðum sem auka orðaforða og málskilning. Í stafsetningu er lögð áhersla á áframhaldandi þjálfun grundvallaratriða og því fylgt eftir að nemendur fái þjálfun í gegnum verulega skrifarvinnu. Í ritun er lögð áhersla á að nemendur geti byggt upp sjálfstæða frásögn, sagt frá persónulegri reynslu og sagt hlutlægt og huglægt frá atburðum. Einnig þurfa nemendur að geta beitt rökstuðningi. Kjörbókarritgerðir og bókarkynningar eru unnar. Nemendum er kennt að leita upplýsinga á Netinu. Nemendur eru þjálfast í töluðu máli með upplestri á sögum og efni sem þeir semja sjálfir sem og framsagnarverkefnum í lotum. Lögð er áhersla á að nemendur lesi nokkrar bækur í frjálsum valbókarlestri og að þeir kynnist völdum bókmenntaverkum og fremstu höfundum þjóðarinnar á ýmsum tímum.

Námsefni

Skerpa 3, 8 lotubundin vinnuhefti. Mályrkja III. Valbækur. Englar alheimsins. Gísla saga Súrssonar. Leikritið Músagildran. Málfinnur. Skrifinnur. Hugfinnur. Ýmsar ljóðabækur. Námsefni af vef. Upprifjunarhefti og ýmis ljósrit frá kennara.

Námsmat

Unnið er í lotum. Nemendur skila öllum verkefnum í lok lotu og taka próf. Einkunn hverrar lotu er meðaltal verkefna og prófs. Hver nemandi er með sína viðmiðunartölu og þarf að ná henni. Takist það ekki, endurtekur hann prófið. Að lokinni upprifjun að vori er prófað úr námsefni alls vetrarins. Símat er notað til að fylgjast með stöðu nemenda. Metið er á u.þ.b. þriggja vikna fresti.

Metin eru: verkefni, vinna og vinnubrögð, ástundun og þekking.

Stærðfræði 10.bekkur

Markmið:

Rúmfræði - (Lota 1, 2 og 3: Rúmmálsfræði, pýþagóras og sannanir í rúmfræði)

Að nemandi

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðfarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma
- Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, rannsakað, lýst og metið samband milli hluta og teikningar af honum
- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu
- Notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum.
- Nýtt tölur til að teikna, rannsaka og setja fram rök um rúmfræðilegar teikningar
- Sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði
- Túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær
- Fundið rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir

- Sett fram og notað mismundani framsetningu sama fyrirbæris hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi
- Tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni
- Valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talið tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg efni og setja fram niðurstöður sínar
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni
- Undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst
- Greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra
- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll

Tölfræði og líkindi – (lota 4: líkindi)

Að nemandi

- Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn
- Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar
- Notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum
- Lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar

Tölur og reikningur (lota 5 – Ferningar og ferningsrætur)

Að nemandi

- Notað sætiskerfisrithátt og sýnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann
- Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið á milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum

- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi
- Reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim

Algebra – (lota 6 og 7: algebra, jöfnur og jöfnuhneppi)

Að nemandi

- Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum
- Leyst jöfnur og einfaldara ójöfnur, leyst saman jöfnur með einni óþekktri stærð
- Ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum
- Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess

Kennsluhættir

Nemendur vinna í þriggja vikna lotum. Í hverri lotu er tekist á við eitt megið þema. Eftir hverja lotu skila nemendur verkefnabók og taka próf úr lotunni eða vinna hópverkefni. Nemendur vinna sjálfstætt en geta líka hjálpast að. Innlagnir fara að mestu leyti fram á netinu þar sem nemendur geta sótt sér innlögn sem hentar hverju sinni. Heimanám fer eftir vinnuhraða og getu hvers og eins.

Námsefni

Almenn stærðfræði III, Vinkill 3 og Átta/Tíu bók 6

Námsmat

Námsmat lota (70%): Lotupróf (50%), verkefnabók(25%) og vinnusemi (25%). Samantektarpróf gildir 30% af lokamati.

Enska 10. bekkur

Hlustun

Að nemandi geti

- fyrirhafnarlítið tileinkað sér talað mál um margvísleg málefni í kunnuglegum aðstæðum þegar framsetning er áheyrileg
- tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt
- án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim

Lesskiliningur

Að nemandi geti

- lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgagnið með lestrinum
- aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatiðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu
- lestið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt
- lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi

Samskipti

Að nemandi geti

- sýnt fram á að hann er vel samræðuhæfur um kunnugleg málefni, beitir nokkuð réttu máli, eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi, notar algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi kurteisis- og

samskiptavenjum, hikorðum og ólíkum aðferðum til að gera sig skiljanlegan og skilja aðra, t.d. með því að umorða

- tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda

Frásögn

Að nemandi geti

- tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað verðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval
- tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum
- flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi
- samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra

Ritun

Að nemandi geti

- skrifað lipran samfelldan texta á hnökralitlu máli um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tækni á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi
- skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum
- skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við
- tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín

Menningarläsi

Að nemandi geti

- sýnt fram á að hann þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi málsvæði og gerir sér vel grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt hans eigin aðstæðum
- sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni
- sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma
- getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska

Námshæfni

Að nemandi geti

- sett sér raunhæf markmið, skipulagt nám sitt á markvissan hátt og lagt mat á eigin stöðu og námsframvindu
- beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða
- beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf
- nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi
- unnið sjálfstætt með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja
- nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni

Kennsluhættir

Hlustun: Hlustunarverkefni úr Spotlight 10 og valið efni úr World Wide English.

Lesskilningur: Lestextar í Spotlight 10 og efni frá kennara

Samskipti: Samræðuverkefni í Spotlight 10 og önnur verkefni frá kennara

Frásögn: Verkefni í Spotlight 10 og kynningar.

Ritun: Verkefni í Spotlight 10 og skilaverkefni.

Menningarlæsi: Kaflar í Spotlight 10 og valið efni úr World Wide English.

Námshæfni: Fjölbreytt verkefni sem reyna m.a. á frumkvæði og samvinnu.

Námsefni

Spotlight 10 sem samanstendur af lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Kjörbækur og annað efni frá kennara.

Námsmat

Á haustönn eru 3 kaflapróf, 3 skilaverkefni, hlustunarpróf og próf í málfræði.

Á vorönn eru 4 kaflapróf, 1 skilaverkefni, hlustunarpróf, munnlegt próf og próf í málfræði.

Einnig er gefið fyrir frammistöðu og virkni, sem og vinnubækur nemenda.

Í lokaekunn gildir einkunn haustannar 50% og einkunn vorannar 50%.

Heimavinna

Heimavinna tengist að öllu jöfnu skilaverkefnum nemenda. Ef þeir hins vegar ná ekki að klára þau verkefni í vinnubók sem sett eru fyrir í vikuáætlun, þurfa þeir að vinna það upp heima.

Tímafjöldi

Kennt er þrisvar í viku, tvisvar sinnum í 60 mínútur og einu sinni í 45 mínútur.

Danska 10. bekkur

Hæfniviðmið

Hlustun

Að nemandi:

- geti tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- geti fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

Lesskilningur

Að nemandi:

- geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til fróðleiks texta t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- geti lesið sér til gagns smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki.

Samskipti

Að nemandi:

- geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann þekkir vel.
- geti tekist við margs konar aðstæður í samskiptum t.d. á ferðalögum og netsamskiptum.
- geti tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða annara.

Frásögn

Að nemandi:

- geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir og/eða hefur unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

- geti samið og flutt frumsamið efni.

Ritun

Að nemandi

- geti skrifað ýmsar gerðir af textum með tilliti til lesandans.
- geti skrifað um það sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið.
- geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín.

Menningarläsi

Að nemandi

- geti sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og geti borið saman við eigin menningu.
- geti sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni

Að nemandi

- geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til þess að skipuleggja sig.
- geti tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitsemi.
- geti nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Kennsluhættir

Dönskukennslan miðast við að auka orðaforða hjá nemendum með hlustun, lestri, töluðu máli og ritun. Leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta til að vekja áhuga á danskri menningu og siðum. Verkefni eru unnin í einstaklings- og í hópavinnu.

Hlustun: Nemendur vinna hlustunarverkefni í vinnubókunum, Einnig er hlustað á tónlist og horft á kvikmyndir á dönsku. Fjölbreytt verkefni eru unnin út frá því.

Lestur: Nemendur lesa mismunandi texta úr lesbókinni Ekko og einnig eru lesnir textar af netmiðlum.

Talað mál: Munnlegar æfingar, samtalsæfingar og leikir í tímum.

Ritun: Unnið er í vinnubókunum Ekko A og Ekko B og málfræðibókinni Grammatik. Einnig vinna nemendur fjölbreytt ritunarverkefni út frá kvikmyndum og þáttum o.fl.

Námsefni

Lesbókin Ekko, vinnubækurnar Ekko A og Ekko B og málfræðibókin Grammatik. Söngtextar og tónlist ásamt ýmsum verkefnum frá kennara. Kvikmyndir og þættir, s.s. Store dromme, Jagten og En Kongelig affære. Einnig eru verkefni notuð frá vefsíðunni Danske diamanter, ásamt ýmsum leikjum og spilum.

Námsmat

Símat er yfir skólaárið þar sem ákveðnir þættir eru metnir hverju sinni. Lögð eru fyrir verkefni til að meta stöðu og kunnáttu nemenda. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Lokaeinkunn er gefin í lok annar þar sem allir þættir eru teknir inn í til að gefa eina heildareinkunn.

Heimavinna

Nemendur fá afhent áætlun í byrjun annar og geta fylgst með vikuáætluninni á Mentor. Nemendur þurfa taka ábyrgð á námi sínu og ef ekki næst að klára áætlun í tíma þá vinna nemendur heima fyrir. Einnig er í boði heimavinnuaðstoð í skólanum sem nemendur geta nýtt sér.

Tímafjöldi:

Kennt er tvisvar í viku 60 mínútur í senn.

Þemu 9.-10.bekkur

Allt sem þú veist ekki en vilt vita!

Markmið

- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum

- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
- útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi
- útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun
- útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu
- útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, netið og aðrar upplýsingarveitur

Námsefni

Námsbókin *Mannslíkaminn*. Einnig var unnið með heimildir af bókasafni og neti

Efni og áhöld

Bækur af bókasafni um mannslíkamann

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

Kveikja

Kvikmyndin „Outbreak“ eða önnur kvikmynd sem tengist banvænum sjúkdómum

Kennsluaðferðir

Útlistunaraðferð, leitaraðferðir, umræður, hópavinna

Viðfangsefni og verkefni

Umræðutímar og verkefnavinna tengd því sem og verkefni unnin úr bókinni

Nemendur skrifa heimildarverkefni út frá efninu sem þeir velja

Nemendur flytja fyrirlestur um verkefnið

Námsmat

Heimildarverkefni – 40%

Fyrirlestur um heimildarverkefnið – 10%

Umræður og verkefni Próf 30%

Vinnusemi og verkefni úr námsbók 20%

Tækið

Markmið

- greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni
- gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif
- tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt,
- beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins,
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum,
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra

Námsefni

Kraftur og hreyfing

Efni og áhöld

Ýmis tæki og gögn til sýnikennslu sem varða kennslu í kraftfræði

Efni og áhöld úr listgreinastofum til nýsköpunar

Kveikja

Hugarflug um helstu tæki og nýjungar í umhverfi okkar

Kennsluaðferðir

Útlistunaraðferð, verkefnavinna, nýsköpunarferlið

Viðfangsefni og verkefni

Leysa verkefni úr námsbók, taka þátt í nýsköpunarferli, þróa hugmynd og gera afurð

Námsmat

Próf og verkefni – 60%

Þátttaka í nýsköpunarferli og afurð – 40%

Orka

Markmið

- metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt,
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum,

- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum,
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
- lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi
- útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna
- útskýrt mismunandi tegundir geislunar og hvernig þær eru notaðar í fjarskiptum og lækningum
- útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns
- nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra

Námsefni

Námsbækurnar *Orka* og *Efnisheimurinn*

Efni og áhöld

Ýmis áhöld og efni sem tengjast kennslu þessara greina

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

Kveikja

Farið var í vísindasmiðju Háskóla Íslanda

Kennsluaðferðir

Útlistunaraðferð, leitaraðferðir, umræður, hópavinna

Viðfangsefni og verkefni

Nemendur leysa skrifleg verkefni sem tengjast þeim námsbókum sem liggja til grundvallar. Þá taka nemendur þátt í hópverkefni þar sem þeir kynna sér náið eina tilraun og kynna hana.

Námsmat

Vinnubók –20%

Tímaverkefni – 20%

Vísindasmiðjan, hópverkefni – 60%

Þjóðfélagið

Markmið

- greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni
- greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur
- tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag
- tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megri bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margvíslegt og flókið
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn
- tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta
- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni
- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum
- gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn
- útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur
- greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum

- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi, sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga
- útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur

Námsefni

Námsbókin *Þjóðfélagsfræði*

Efni og áhöld

Ýmsar heimildir af neti

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

Kveikja

Kennari á þankahríð með nemendum um íslenska þjóðfélagið og horft á fræðslumyndina Íslenska þjóðfélagið.

Kennsluaðferðir

Útlistunaraðferð, spurnaraðferð, verkefnavinna, leitaraðferðir, umræður, hópavinna

Viðfangsefni og verkefni

Nemendur lesa bókina Þjóðfélagið og svara spurningum úr köflum bókarinnar. Þá vinna nemendur í hópum að rannsóknarverkefni þar sem málefni úr bókinni er dýpkað og unnið myndband úr efninu og það sýnt. Umræðutímar eru um hvern kafla bókarinnar og verkefni tengt þeim unnin. Skólaþing verður einnig heimsótt og nemendur fara í gegnum ferlið að vera þingmaður.

Námsmat

Vinnubók 20%

Umræður og tímaverkefni 30%

Framlag í rannsóknarverkefni (jafningjamat) 10%

Hópavinna 40%

Stefnan sett

Markmið:

- dregið upp mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
- rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi,
- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar
- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttsýnan hátt
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra

- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi, sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga
- ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis

Námsefni:

Stefnan sett! -um náms- og starfsval.

Nemendur fá möppu og fylla hana af verkefnum fengnum af www.nams.is sem mynda að lokum ferilmöppu.

Efni og áhöld

Ýmsar heimildir af neti

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

Námsmat:

Vinnubók 50%

Vinnusemi 50%

Kveikja

Kennari á þankahríð með nemendum um hvað þeim langar að verða þegar þeir verða eldri.

Kennsluaðferðir

Spurnaraðferð, verkefnavinna, leitaraðferðir, umræður, hópavinna

Viðfangsefni og verkefni:

Í upphafi hverrar viku er litið yfir efni vikunnar á undan. Ef nemendur hafa ekki náð að klára verkefnin í tímum verða þeir að klára heima.

Í lok þemans skila nemendur möppunni og er hún þá yfirfarin í heild og einkunn byggð á vinnu nemenda.

Þjóðfélagið

Markmið

- greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni
- greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur
- tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag
- tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megri bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margvíslegt óvísst og flókið
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand- og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur
- gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum
- dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn
- tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta
- sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar
- rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni
- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum
- gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta
- gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum
- útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis
- útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn
- útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur
- greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum

- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi, sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga
- útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur

Námsefni

Námsbókin *Þjóðfélagsfræði*

Efni og áhöld

Ýmsar heimildir af neti

Tölvur (aðgengi að neti og prentara)

Kveikja

Kennari á þankahríð með nemendum um íslenska þjóðfélagið og horft á fræðslumyndina Íslenska þjóðfélagið.

Kennsluaðferðir

Útlistunaraðferð

Spurnaraðferð

Verkefnavinna

Leitaraðferðir

Umræður

Hópavinna

Viðfangsefni og verkefni

Nemendur lesa bókina Þjóðfélagið og svara spurningum úr köflum bókarinnar. Þá vinna nemendur í hópum að rannsóknarverkefni þar sem málefni úr bókinni er dýpkað og unnið myndband úr efninu og það sýnt. Umræðutímar eru um hvern kafla bókarinnar og verkefni tengt þeim unnin. Skólaþing verður einnig heimsótt og nemendur fara í gegnum ferlið að vera þingmaður.

Námsmat

Vinnubók 20%

Umræður og tímaverkefni 30%

Framlag í rannsóknarverkefni (jafningjamat) 10%

Hópavinna 40%

Íþróttirvantar

Skólasund 10. bekkur

Hæfniviðmið

- Að nemendur þjálfist frekar í sundaðferðunum (bringu-, bak-, skrið-, björgunar-, flug- og skólabaksund) og geti nýtt sér sund sem eina tegund þolþjálfunar.
- Að nemendur skilji mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilji mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsgæta, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitssemi í tengslum við góðan árangur í sundi,
- Að nemendur efli leikni, styrk og þol.
- Að nemendur öðlist jákvæða upplifun af sundiðkun svo þeir geti nýtt sér sund sér til heilsuþóttar í framtíðinni.
- Að nemendur þekki mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik bæði í hóp og sem einstaklingur.
- Að nemendur geti notað hugtök sem tengjast sundiðkun.
- Að nemendur geti sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í sundi og gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.

- Að nemendur geti tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- Að nemendur geti tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna, brugðist við óvæntum aðstæðum og bjargað sér í vatni og öðrum.

Kennsluhættir

Nemendum er stundum skipt á fjórar brautir ýmist eftir verkefnum, getu eða félagatengslum. Reynt er eftir fremsta megni að hafa tímana léttu, skemmtilega og fjölbreytta. Lögð er áhersla á kurteisi, góða hegðun, sjálfstæði og samvinnu. Sundið er kennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn allt skólaárið.

Kennsluaðstaða/ áhöld

Sundið er kennt í 12,5 m innisundlaug í Sjálánda skóla. Þau áhöld sem notuð eru við kennslu eru: Sundflár, sundblöðkur, hringir, sundnúðlur, ýmsar tegundir bolta og ýmis önnur áhöld.

Námsmarkmið

Fyrir foreldraviðtöl á haustönn gera nemendur líðankönnun sem send er heim í mentor. Einkunnir eru settar inn í mentor jafnóðum og próf eru tekin en í desember (fyrir haustönn) og júní (fyrir vorönn) eru allar einkunnir prófa komnar inn. Eftirfarandi atriði sem varða hæfniviðmið í líkamsvitund, leikni og afkastagetu eru metin í 10. bekk:

600m þolsund á innan við 20 mín.

Val um tvær tímatökur:

- 100m bringusund
- 50m skriðsund
- 50m baksund
- 25m flugsund
- Stílsund:
- 12m kafsund
- 50m bringusund
- Björgunarsund með jafningja 25m eftir 30 sek marvaða í fötum.

Nemendur hafa lokið 10. sundstigi nái þeir öllum fyrrgreindum atriðum.

Eftirfarandi atriði sem varða félagslegapætti eru metin í 9. bekk og birt í lykilhæfni í mentor fyrir foreldraviðtal á vorönn:

- Samvinna
- Áhugi/virkni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framkoma/hegðun
- Fara eftir fyrirmælum
- Mæting

Heimavinna

Þeir sem þurfa meiri æfingu í sundi fá leiðbeiningar um það og boðið er upp á sund í vali fyrir þá sem eiga í erfiðleikum með sundið. Eins ef einhver vandamál eru þá er boðið upp á sérkennslutíma í sundi.